



Námsgrein: íslenska 6. bekkur

Vikurstundir:	Kennari: Lilja Bára Kristjánsdóttir og Magnea Helgadóttir	Samstarfsfólk: Guðbjörg Stefánsdóttir og Jolanta Brandt
----------------------	--	--

Yfirlit

Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
Haustönn 23. ág - 17. nóv.	Talað mál, hlustun og áhorf. - Geti samið, horft á og hlustað á margskonar efni. - Þjálfist í rökræðum og í að tjá eigin tilfinningar og skoðanir - Kunni að hlusta og bregðast við á viðeigandi hátt - að auka orðaforða og orðskilning Lestur og bókmenntir - Séu vel læsir og hafi öðlast góðan skilning og fjölbreyttan orðaforða - Lagt mat á texta og túlkað. - Geti notið þess að hlusta á upplestur og frásagnir - Velji sér bækur eftir áhugasviði og lesið sögur og ljóð sér til ánægju. - Kynnist fjölbreyttum textum fornum og nýjum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap - Þjálfist í persónusköpun - geti greint lykilorð í texta - Þjálfist í endursögn - að efla lesskilning Ritun - Skrifi skýrt og greinilega og vandi frágang. - Geti notað orðabækur. - Hafi fengist við skapandi skrif og samið sögur, ljóð og leikþætti og öðlast öryggi við að tjá hugmyndir sínar og reynslu. - Geta samið texta og tjáð hugmyndir sínar og reynslu og dregið út og endursagt efni úr ræðu og riti. - Hafi náð valdi á helstu atriðum stafsetningar og nokkurri færni greinamerkingar. - Vera fær um að skrifa og endursegja texta með ákveðin lesanda í huga. Málfræði - Þjálfist í að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar í rituðum texta. - Auki við orðaforða sinn og læri ný hugtök og orð og nýti sér þau við gerð texta. - Styðjist við málfræði og stafsetningu í töluðu máli og ritun	- nýtum mikið samvinnunám í verkefnavinnu. - innlagnir frá kennara í upphafi verkefnis og/eða námsþáttar. - einstaklingsverkefni - paralestur - upplestur - yndislestur - umræður - stöðvavinna	- Stuðst að mestu við <i>Orðspor 2</i> lesbók og verkefnabók. - samvinnuverkefni nemenda gerð sýnileg. - Málrækt 2	- samvinna nemenda - vinnusemi - hegðun - samskipti - lesskilningspróf - lestrapróf



	• þjálfist í notkun skammstafanna og greinamerkja • þekki fallorð, aðalfall og aukaföll • þekki allt um nafnorð, fallbeyging, kyn og tala • þekki sérnöfn og samnöfn • þekki hlutsæð og óhlutstæð nafnorð • þekki töluorð sem fallorð • þjálfist í notkun steinsreglunar, n og nn í kk nafnorðum			
--	--	--	--	--



Námsgrein: Stærðfræði 6.bekkur	
Vikurstundir: 3	Kennari : Guðríður Sveinsdóttir og Magnea Kristín Helgadóttir

Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
28ágúst – 6.október	Tölur - Getur leyst tölur upp að 100.000 niður í sætisgildi - Getur skráð tölur upp að 5.000.000 með bókstöfum eftir upplestri eða bókstöfum - Getur skráð tölur upp að 5.000.000 með bókstöfum. - Getur reiknað uppsett dæmi með samlagningu og frádrætti með tölum frá 0-100.000. - Getur námundað tölur að 10p, p, H, E, 1/10 og 1/100 hluta - Getur reiknað samlagningar- og frádráttardæmi með negatívum/neikvæðum tölum þegar útkoman er einnig neikvæð. - Getur haldið áfram með talnarunur - Þekkir <i>frumtölur</i> og eiginleika þeirra. - Getur fundið <i>frumþætti</i> samsettrar tölu. - Getur reiknað uppsett dæmi með margföldun og deilingu með tölum frá 0-1000. - Kynnist því að reikna uppsett margföldunardæmi þar sem hundrað er margfaldað með tug.	- Í upphafi viku fá nemendur þau dæmi sem reikna á í vikunni. Nemendur vinna annað hvort einstaklingslega eða í þörum sem kennari velur. - Heimanám sem samanstendur af dæmum úr Stiku 2a æf.hefti og samræmduprófsdæmum.	Stika 2a bls. 4-34	- Kaflapróf 20% - Heimanám til einkunnar 10% - Vinnubrögð 5% - Vinna í tímum 10% - Margföldunartafla 5%
9.október – 17.nóv	Tugabrot - Skilur sætiskerfið og uppbyggingu þess frá 10p og niður í 1/1000 hluta. - Getur skráð gildi tölustafa frá 10p sæti og niður í 1/1000 hluta. - Getur raðað tölum með allt að 3 aukastöfum eftir stærð. - Getur tekið af og bætt tíundu- og hundraðshlutum við tölur allt að 10.000. - Getur margfaldað saman heila tölu og tugabrot. - Getur margfaldað tugabrot með einum aukastaf með 10, 100 og 1000 án vasareiknis.	- Nemendur fá tvær lotur í kaflanum og vinna í þeim í þörum. - Hópavinna annan hvern fimmtudag. - Heimanám sem samanstendur af dæmum úr Stiku 2a æf.hefti og samr.prófsdæmum.	Stika 2a bls. 60 - 86	- Kaflapróf 20% - Heimanám eftir fyrri lotu 15% - Vinnubrögð 5% - Vinna í tímum 10%



Námsgrein: Enska 6. bekkur

Vikurstundir:	Kennari: Lilja Bára Kristjánsdóttir	Samstarfsfólk: Guðbjörg Stefánsdóttir
---------------	-------------------------------------	---------------------------------------

Yfirlit

Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
Markmið				
28. ág. - 1. sept.	Getur lesið einfaldan stuttan texta og svarað spurningum úr honum.	samvinnunám, vinna með orðaforða	- samvinnunám, - samskiptaverkefni - námsspil	- virkni og samvinna - umsögn frá kennara
Höstönn. 4. sept. - 17. nóv.	Hlustun - Getur fylgt þræði í einföldu hlustunarefni, s.s. söngvum og sögum. - Skilur aðalatriði í einföldum samtölum milli tveggja og getur svarað einföldum spurningum. - getur yfirfært af ensku á íslensku Lesskilingur - Getur lesið lengri og flóknari texta og svarað spurningum úr honum. Samskipti - Getur tekið þátt í einföldum samtölum, sagt frá og skipst á upplýsingum um sjálfan sig, áhugamál og nærumhverfi Frásögn - Getur, við annan mann, sagt frá því helsta í nær-umhverfinu. - Getur lýst sjálfum sér almennt, fatnaði, útliti o.fl. Ritun - Getur skrifað einfaldan texta um þekkt efni.	- nýtum mikið samvinnunám í verkefnavinnu. - innlagnir frá kennara í upphafi verkefnis og/eða námsþáttar. - einstaklingsverkefni - paravinna - hópavinna - einstaklingsvinna - umræður - KVL - Hugarkort	- verkefni um fleirtöluorð með -s endingu. - Verkefni er tengjast dýrum. - sögugerð um dýr - Söguaðferðarverkefni - sumarfrí fjölskyldu. - kynna uppáhalds tónlistamann eða hljómsveit - orðaforðaverkefni tengt dýrum og tómstundum námsefni: Ready for Action og verkefni frá kennara er tengist fyrstu 2 köflunum.	- orðaforðaverkefni - virkni og samvinna - fleirtöluverkefni - ritunarverkefni - uppbygging og innihald.



	• Getur skrifað einfaldar setningar út frá eigin brjósti. • Fær þjálfun í eintölu og fleirtölu nafnorða. Menningarlæsi • Kynnist hátíðum og menningu sem tengist einhverjum enskumælandi þjóðum.			
--	---	--	--	--



Námsgrein: Náttúrufræði

Vikurstundir: 2

Kennari: Guðrún Anna Óskarsdóttir og Harpa Rut Heimisdóttir

Yfirlit

Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Verkefni/Námsefni	Kennsluhættir	Mat á námsþætti/afurð
23. ágúst – 20. okt.	Geta til aðgerða Nemandi getur rætt mikilvægi samvinnu í samstilltum aðgerðum sem varða eigið umhverfi. Nýsköpun og hagnýting þekkingar Nemandi getur fjallað um þekktar tækninýjungar eða vísindauppgötvanir og áhrif þeirra á atvinnuhætti og mannlíf í heimabyggð, umhverfi og náttúru. Nemandi getur unnið undir leiðsögn í hópi eftir verkskiptri tímaáætlun við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi. Nemandi getur unnið undir leiðsögn í hópi með verkskiptri tímaáætlun	Auðvitað – Jörð í alheimi - Bls. 22 - 37 Verkefnahefti Fræðslumyndir - Hamfarir, Fjöllin, Jarðeldar Jarðfræðivefurinn Kvistir, kennsluvefur um jarðfræði	Innlögn frá kennara Hópavinna Samvinna Einstaklingsvinna	- Vinnusemi – símat öll önnin - Verkefnahefti - Tímaverkefni
23. okt. – 17. nóv.	Gildi og hlutverk vísinda og tækni Nemandi getur gert sér grein fyrir mikilvægi gagna og líkana við að útskýra hluti og fyrirbæri. Nemandi geti lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum. Vinnubrögð og færni Nemandi getur útskýrt texta um náttúruvísindi sér til gagns og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum. Nemandi getur beitt vísindalegum vinnubrögðum við öflun einfaldra upplýsinga innan náttúruvísinda og útskýrt ferlið. Nemandi	Auðvitað – Jörð í alheimi - Bls. 38 - 46 Verkefnahefti Jarðfræðivefurinn Kvistir, kennsluvefur um jarðfræði	Innlögn frá kennara Einstaklingsvinna Hópavinna	- Vinnusemi – símat öll önnin - Verkefnahefti - Tímaverkefni



Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Verkefni/Námsefni	Kennsluhættir	Mat á námsþætti/afurð
	getur kannað áreiðanleika heimilda með því að nota bækur, netið og aðrar upplýsingaveitir. Nemandi getur sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt. Nemandi getur hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra.			
	• Ábyrgð á umhverfinu Nemandi getur tekið þátt í að skoða, skilgreina og bæta eigið umhverfi og náttúru.			
	• Að búa á jörðinni Nemandi getur framkvæmt og lýst eigin athugunum á jarðvegi, veðrun, rofi og himingeimnum.			
	Nemandi getur útskýrt hvernig Ísland byggist upp, hvernig landslag þess og jarðvegur breytist. Nemandi getur rætt um hvernig ræktanlegt land er notað og ýmsar hliðar landnotkunar og verndunar gróðurs. Nemandi getur rætt um hvernig ræktanlegt land er notað og ýmsar hliðar landnotkunar og verndunar gróðurs. Nemandi getur lýst veðri í heimabyggð og loftslagi á Íslandi. • Náttúra Íslands Nemandi getur lýst ólíkum vistkerfum á heimaslóð eða við Ísland. Nemandi getur útskýrt hvar og af hverju helstu náttúrhamfarir verða, sem búast má við á Íslandi og hvernig viðbrögð við þeim eru skipulögð.			


Námsgrein: Samfélagsfræði 5. og 6. Bekkur - Landafræði

Vikurstundir: 2 ¾ klst	Kennari: Lilja Bára Kristjánsdóttir og Harpa Rut Heimisdóttir	Samstarfsfólk: Guðbjörg Stefánsdóttir og Jolanta Brandt
-------------------------------	--	--

Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
23. - 1. sept.	Hugarheimur - Gerir sér grein fyrir hvað eru styrkleikar og hvað eru veikleika - Gerir sér grein fyrir tilgangi markmiða og þjálfist í að setja sér markmið í námi. Félagsheimur - Gerir sér grein fyrir hvað samfélagsmál eru - Sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju. - Geri sér grein fyrir að fólk er með mismunandi skoðanir á ýmsum málefnum	- hópefli - samvinnuverkefni - umræður nemenda - samvinna	- Verkefni frá kennara sem tengjast því að tjá sig, segja skoðanir sínar og vinna saman. - Finna örnefni í heimabyggðinni	- virgni - samvinna
4. – 8. sept	Reynsluheimur - Læri um umhverfisáhrif af mannavöldum og leiðir til úrbóta í gegnum umhverfisfræðslu. - Fræðist um sögu og menningu heimabyggðar og þekki helstu stofnanir samfélagsins. - Geri sér grein fyrir náttúruauðlindum Íslands, hvernig þær eru nýttar og hvers vegna þarf að vernda þær og umhverfið. - Átti sig á að hver og einn getur lagt sitt af mörkum í verndun auðlinda og umhverfis. - Þekki helstu staði á landinu og viti hvar þá er að finna s.s. höfuðborgina, kaupstaði, þorp, örnefni. - Getur leitað sér upplýsinga í bókum og á netinu um ákveðna staði á Íslandi. - Kynnir sér störf og atvinnuhætti Íslendinga.	- Umræður með kennara - Umræður milli nemenda - Myndir og myndbönd frá kennara - Vinnubókavinna - Samvinna - Samvinnuverkefni þar sem nemendum er skipt 4 manna hópa. Hver hópur fær einn landshluta til að vinna með.	- Kort og kortalestur - Gera kort sem sýnir leið nemenda frá heimili í skóla - Lagskipting jarðar - Flekamónun - eldgos - jarðskjálftar - sýna myndbrot af ofarnefndu - Jarðsaga Íslands - skoða berg frá því fyrir ísöld - hvernig var ísöld á Íslandi - Rof	- Verkefni nemenda - virgni - samskipti - Þátttaka - Skriflegt próf úr fyrstu 8 köflunum. Mat á landshlutaverkefni - virgni - þátttaka - samvinna - afrakstur - kynning



	• Kynnir sér veðurfar og gróður landsins. • Þekkri merkustu sögustaði á Íslandi. • Getur notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga. Félagsheimur • Viti hvað lýðræðislegt samfélag er • Geti tjáð eigin þekkingu og viðhorfs á viðfangsefnum.		• hvernig landið breytist og mótast út frá veðri, vindum og regni. • Skoða hvernig lögun Surtseyar hefur breyst frá því varð til • Hvernig leit Ísland út um landnám? • Hvernig hefur landslag Íslands breyst frá því á síðustu ísöld • Hvað er náttúruvernd? • hvernig á að umgangast landið? • Hvernig er hægt að nýta landið án þess að breyta því eða skemma? • Hvað er mengun? • Auðlindir Íslands Landshlutar Helstu þéttbýli Sögustaðir Fríðlýst svæði Þjóðgarðar Ferðamannastaðir Tómstundir	
--	--	--	--	--



Námsgrein: Lífsleikni 5. – 6. bekkur

Vikurstundir: 1 klst

Kennari: Lilja Bára og Katla Ketilsd.

Samstarfsfólk:

Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
1.-5. Vika Ág - sept	➤ Stjórnendur fara inn í bekki og fara yfir skólareglur. ➤ Umsjónarkennarar sjá um að fara í hina þættina með nemendum.	➤ Skólareglur ➤ Y – spjald – Drauma kennslustundin. (ég heyri – ég finn – ég sé) ➤ Bekkjarsáttmáli ➤ Viðurlög við broti á bekkjarsáttmála rædd nemendum og foreldrum gerð grein fyrir ferlinu. ➤ Mitt og þitt hlutverk – kennslustofa, forstofa.	➤ Skólareglur gerðar sýnilegar um skólann (sjónrænar að hluta til) ➤ Bekkjarsáttmáli hengdur upp í skólastofu og notaður sem agastjórnunartæki í kennslustundum. ➤ Mitt og þitt hlutverk hengt upp á viðeigandi staði.
6.-9. Vika Sept - okt	➤ Kennarar fara yfir reglur bekkjarfunda. ➤ Eineltisteymi kynnir sig og eineltisáætlun Dalvíkurskóla.	➤ Farið yfir mikilvægi bekkjarfunda og markmið þeirra. Þeir eiga svo að vera 2 svar sinnum í mánuði hér eftir. ➤ Eineltisfræðsla ➤ Eineltishringurinn	➤ Eineltishringur hengdur upp í stofunni.
10.-13. Vika Okt - nóv	➤ Kennarar kynna fyrir nemendum þessi verkfæri. ➤ Gera verkfærin sýnileg í stofunni.	➤ Friðarborðið og/eða lausnahjólið (úr jákvæðum aga) ➤ VAL úr jákvæðum aga ➤ Sleikipinnaheilinn og/eða að hafa heilann í hendi sér úr jákvæðum aga. ➤ Bekkjarfundir ➤	➤ Friðarborðið og lausnahjólið gert sýnilegt fyrir nemendum.
14.-17. Vika Nóv - des jólafrí	➤ Kennarar fara í Bílinn/Lífsvagninn með nemendum. ➤ Rifja upp efni síðustu mánaða. Áhersla lögð á sköpun og verklegar æfingar við upprifjun.	➤ Bíllinn/Lífsvagninn – glærur á sameign. Unnið með Lífsvagninn þar sem nemendum er kennt að bera ábyrgð á eigin hegðun og líðan. Nemendur átta sig betur á því að þeir stjórna hegðun sinni og hvernig þeim líður. ➤ Efni síðustu þriggja mánaða rifjað upp ➤ Góðverkadagurinn. ➤ Bekkjarfundir.	



Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
18.-21. Vika jan	➤ Unnið með þarfirnar 5 og vinnan gerð sýnileg í stofunni. ➤ Nemendur föndra þarfatáknin.	➤ Þarfirnar 5 – nemendur læra að meta þarfir sínar með þarfagreiningarblaðinu. ➤ Nemendur læra mikilvægi þess að þekkja þarfir sínar og annarra. ➤ Nemendum skipti í 5 hópa – hver hópur gerir veggspjald með einni þörf og kynna veggspjaldið. ➤ Bekkjarsáttmáli og mitt og þitt hlutverk rifjað upp. ➤ Bekkjarfundir	➤ Þarfirnar gerðar sýnilegar í stofunni. ➤ Nemendur hengja upp á vegg form með sterkustu þörfinni og skrifa nafnið sitt eða setja mynd af sér á formið.


Námsgrein: Heimilisfræði 6. bekkur.
Vikurstundir: 90 mín
Kennari Matthildur Matthíasd
Samstarfsfólk:
Yfirlit

Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
Ágúst – nóvember.	Menningarlæsi: Geti lesið uppskriftir og unnið eftir þeim Geti útbúið fjölbreytt verkefni. Tekur tillit til annarra í hópvinnu og sýnir frumkvæði. Geri sér grein fyrir mikilvægi þess að hægt er að útbúa ýmislegt með litlum kostnaði og mikilvægi umhverfisverndar í allri vinnu. Kann að nota helstu tæki sem ætlast er til. Þ.e. öll helstu heimilstæki sem notuð eru til baksturs og matargerðar og þjálfist í notkun þeirra. Geti rætt um menningarlegt hlutverk fagsins. Skilur helstu hugtök sem tengjast viðfangsefninu, sjá kennslubók. Sýnir ábyrgð og örugga umgengni í faginu. Geti rætt um eigið verk með gagnrýnum augum Matur og lífshættir: Geti rætt um heilbrigði og góða heilsu Getur sagt frá hlutverki næringarefna og hvers vegna næringarefnin eru mikilvæg heilsunnar vegna. Getur gert grein fyrir hvers vegna hreinlæti er mikilvægt við heimilisstörf almennt. Kynnir sér kostnað við heimilishald og leiðir til sparnaðar og getur gert grein fyrir að hverju hann komst. Fær kynningu á áhrif auglýsinga á neytendur.	Sýnikennsla, einstaklings og hópavinna. Verkefnavinna tengd námsbókinni Gott og gagnlegt 2 ásamt verkefnum frá kennara. Umræður sem tengjast námsbók og almennt heimilisfræði.	Berjatínsla, unnið úr berjum s.s. sultugerð, heitir réttir, bakstur. Bakað úr geri, hrært og þeytt deig, Unnið með grænmeti og ávexti að gerð ýmissa rétta bæði. Útbúnir léttir réttir s.s. súpur, pastaréttir, brauðréttir, kjöt og fiskréttir. Verkefni hvers bekkjar eru ákveðin fyrirfram tvær vikur í senn (sjá vikuáætlun) Stuðst við uppskriftir úr bókinni Gott og gagnlegt 2. Reynt verður að koma til móts við nemendur hvað hugmyndir af uppskriftum varðar. Gott og gagnlegt, verkefna og vinnubók. Vefmiðlar	Símat byggt á frumkvæði, samvinnu, sjálfstæði og áhuga. Matið byggir á umsögn í lok annar.
	Matur og vinnubrögð: Getur matreitt ýmsar einfaldar máltíðir og nýtt hráefni sem best. Vinnur að mestu leyti sjálfstætt eftir uppskriftum og velur réttu mæli- og eldhúsahöldin. Áttar sig á mikilvægi þess að fara varlega við heimilisstörfum og veit um helstu slysaættur á heimilum.			



Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
	Veit hvernig hann getur nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga er varða matreiðslu, næringarfræði og meðferð matvæla. Matur og umhverfi: Geti rökrætt hvers vegna mikilvægt sé að bæði kynin sinni heimilisstörfum Læri um mismunandi umbúðamerkingar og þjálfist í að lesa á þær með geymsluþol og gæði í huga. Matur og menning: Kynnist ýmsum réttum frá mismunandi löndum og fái aðstoð við að útbúa þá. Lærir um gamlar geymsluaðferðir, s.s. reykingu, þurrkun, súrsun og söltun.			



Námsgrein og bekkur: 6. bekkur

Vikustundir: 40 mín ca Kennari: Guðný S. Ólafsdóttir

Samstarfsfólk: Umsjónarkennarar og stuðningsfulltrúi

Tími	Viðfangsefni og hæfniviðmið	Námsefni og verkefni	Kennsluhættir	Mat/afurð
	Við lok 7.bekkar getur nemandi: - Nýtt upplýsingaver sér til gagns bæði í stýrðu námi og á eigin forsendum. - Sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum.. - Beitt réttri fingrasetningu - Nýtt fjölbreyttar leiðir við leitarvélur við markvissa öflun upplýsinga við hæfi. - Nýtt rafrænt og gagnvirkir námsefni á fjölbreyttan hátt - Verið gagnrýnin á gæði ýmissa upplýsinga. - Unnið með heimildir og sett fram einfalda heimildaskrá - Nýtt hugbúnað og forrit við einfalda uppbyggingu og uppsetningu ritsmiða, - Nýtt hugbúnað/forrit við gerð ritunarverkefna og framsetningu tölulegra gagna. - Nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, gerð stuttmynda og hljóð- og tónvinnslu. - Nýtt hugbúnað/forrit við vefsmíðar. - Rætt og útskýrt á gagnrýninn hátt eigið upplýsinga- og miðlalæsi. - Nýtt hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á skapandi og skýran hátt. - Sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og við heimildarvinnu. - Farið eftir reglum um ábyrga netnotkun, er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra og tekur ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á Neti- og netmiðlum.	Fjallað um netöryggi og rifjað upp áður lært efni Fingrasetning þjálfuð á Typing.com og í Fingrafimi 2 Google docs Google Slides Google Sheets Forritun - Scratch - Code.org - Sphero ... Movie Maker, Wevideo, Myndasögugerð - Toondoo.com Myndvinnsla - Paint.net - Pixlr.com - Canva.com	- Fingrasetning rifjuð upp og þjálfuð enn frekar á vef typing.com - Unnið í Google Docs, rifjað upp og kenndar helstu skipanir - Unnið í Google Slides, m.a. kynning á áhugamáli nemenda, paravinna. - Unnið með töluleg gögn í Sheets; kynntar helstu skipanir forritsins og gerðar töflur, línurit, súlurit o.fl. - Kennd grunnatriði í forritun í forritinu Scratch, Code.org o.fl. - Grunnur í myndvinnslu, teknar myndir í náttúrunni og settar á svæði nemenda í tölvunum, bæði ljósmyndir og myndbönd. - Myndir settar saman í Movie Maker, Wevideo eða öðru forriti sem nem. velja sér. - Gerðar teiknimyndir í toondoo.com og veggmyndir í Canva.com - Unnið í áður lærðum þáttum í samráði við umsjónarkennara, einnig þematengd verkefni sem bekkurinn vinnur.	Virkni, áhugi, færni og hegðun eru þeir þættir sem metnir verða jafnt og þétt allan veturinn. Verkefni nemenda vistuð í þeirra möppur og metin



Námsgrein: Myndmennt 6. bekkur

Vikurstundir:	Kennari Skapti Þór Runólfsson	Samstarfsfólk:
----------------------	-------------------------------	----------------

Yfirlit

Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
23/8-17/11	- vinni með letur við möppugerð, t.d. fjarvíðir stafir - gangi af ábyrgð um efni og áhöld í myndmenntastofu. - geti gengið frá verkum, efnum og áhöldum sem unnið hefur verið með. - kynnist hlutföllum, t.d. í andliti. Teikni sjálfsmýnd sem er borin saman við raunveruleikann í tölvu. - kunni skil á nálægð og fjarlægð, forgrunni og bakgrunni og miðrými. - þekki heita og kalda liti og geti nýtt sér þá vitneskju til að skapa áhrif í mynd.	Sýnikennsla, kennslubækurnar myndmennt 1-2 og Litagleði. Ásamt efni sem útbúið er af kennara.	Upprifjun á helstu umgengnisreglum, stofa, efni og áhöld kynnt. Verkefnamappa gerð, unnið út frá eigin stafagerð í þrívídd. Einfalt málningarverkefni þar sem áherslan er á forgrunn, bakgrunn og miðgrunn. Unnið með heitum og köldum litum s.s. eins og sólarlag/sólarupprás. Haustverkefni, unnið með litbryggði haustsins og mósaík eða grafíkmynd unnin. Sjálfsmýnd unnin með áherslur á hlutföll.	Gátlistar byggðir á forsendum verkefna. Afurðir: Teikningar, málverk og mósaík.



Námsgrein: Smíði og hönnun 6. bekkur

Vikurstundir:

Kennari: Skapti Þór Runólfsson

Samstarfsfólk:

Yfirlit

Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið að nemandi geti:	Kennsluhættir	Leiðir og verkefni	Mat á námsþætti/afurð
23/8-17/11	Menningarlæsi - útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar, - hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni, - tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði, - haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni, - gert grein fyrir hugtakinu tækni og hvernig það tengist vinnu hans, - fjallað á einfaldan hátt um þætti sem snerta menningu í tengslum við verkefni sín, - gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni hans, - sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði, - lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum. Handverk - valið og notað á réttan og öruggan hátt helstu verkfæri og mælitæki á öruggan hátt, - gert grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni Hönnun og tækni - útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp (málsetta) vinnuteikningu - lesið einfalda teikningu og smíðað eftir henni, - framkvæmt samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum - hannað og smíðað verkefni sem nýtir einfaldan orkugjafa	Innlögn verkefna og sýnikennsla fer ýmist fram yfir allan hópinn eða að hver nemandi fær leiðsögn með sitt verkefni. Nemendur vinna verkefni sem kalla á hugmyndaauðgi og hönnun, verkefni sem geta sameinað nokkra verkþætti s.s. trésmíði, málmsmíði og rafmagn. Nemendur vinna sjálfstætt að sínum verkefnum en einnig er lögð áhersla á að þeir hjálpist að við lausn vandamála. Samvinna er með öðrum kennurum varðandi einstök verkefni.	Hjá 6. bekk er m.a. áhersla á að nemendur: - vinni með tálguhníf, handsög, tifsög, silfursög, hamar, skrúfjárn, vinkil, þvingu/klemmu, brennipenna, súluborvél, dósabor, rafmagnsborvél, pússvél, hitablásara, plastbeyggjuvél, - kynnist einfaldri málmsmíði, - kynnist einföldum orkugjöfum, - vandi frágang og meti eigin vinnu, - geti skreytt hluti á persónulegan hátt, - framkvæmi límingu, neglingu og að skrúfa saman hluti, - vinni með ýmiss konar efni s.s. furu, krossvið, MDF, leður, plast og efni úr skógreit, málningu og liti. - geri raunhæfar kröfur til eigin getu og færni, - læri rétta notkun vinnuhanska, öryggisgleraugna og heyrnarhlífa. - gangi vel um og geti þrifið vinnuumhverfi sitt skipulega.	Vinnusemi, verklægni, sjálfstæði/hugmyndaauðgi, vandvirkni og hegðun metin með tikklista. Umsögn send heim í lok haustannar um vinnusemi í tímum.



Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið að nemandi geti:	Kennsluhættir	Leiðir og verkefni	Mat á námsþætti/afurð
	- greint þarfir í umhverfi sínu og rætt mögulegar lausnir Umhverfi - gert grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni - sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með - Útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað		Verkefni sem unnið er að fyrir áramót: Klukka, valverkefni, einföld málmsmíði, kertabox og jólaverkefni.	



Námsgrein: hannyrðir 6 . bekkur
--

Vikurstundir:	Kennari Ásrún	Samstarfsfólk:
----------------------	---------------	----------------

Yfirlit

Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
haust	Nemandi getur teiknað eigin hugmynd á blað og yfirfært það í textíl.	Fyrirmæli gefin yfir hópinn. Einstaklingskennsla	- Nemendur gera pennaveski þar sem þau fá ákveðin fyrirmæli og vinna út frá þeim. - Það þarf að vera rennilás á pennaveskinu	Símat. Getur tileinkað sér fyrirmæli. Ræður við að útfæra eigin teikningu í textíl, Getur sett rennilás í verkefnið, getur nýtt sér útsaum sem hann hefur áður lært



Námsgrein og bekkur: 5. -

Vikustundir: 1 klst	Kennari: Ása-Heiðar-Harpa	Samstarfsfólk:
---------------------	---------------------------	----------------

Tími	Viðfangsefni og hæfniviðmið	Námsefni og verkefni	Kennsluhættir	Mat/afurð
Vika 1	Gert æfingar sem reyna á loftháð þol.	Leikir og útihlaup	Upphitun: hlaupa hring(i) á íþróttavellinum. Ein króna, stórfiskur, krókódill, stórt skip lítið skip, þriðji hleypur...	Virgni metin Alhliða hreyfifærni. Þol, sprettir.
Vika 2	Gert æfingar sem reyna á loftháð þol.	Þol og úthald	Hlaup/skokk/ganga 20 mín hlaup.	Virgni metin
Vika 3	Gert æfingar sem reyna á styrk og stöðugleika útlíma og bols. Notað mælingar með mismunandi mælinákvæmni við mat á afkastagetu. Gert sér grein fyrir mikilvægi öryggis- og umgengnisregla og tekið og tekið ákvarðanir á þeim grunni.	Frjálsar Langstökk, boltakast/spjót kúluvarp	Upphitun: Skokka, drillur, sprettir Langst. Stokkið af svæði. Boltakast: kasta á milli, kast úr kyrrstöðu og með atrennu. ATH! Kenna öryggisatriði í kastgreinum	Sjálfstæði í vinnubrögðum metin
Vika 4	Gert hreyfingar sem reyna á styrk og stöðugleika útlíma og bols. Gert flóknar samsettar æfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu.	Fótboltagolf	Skipt í holl og 9 holur spilaðar. Tveir saman með einn bolta, skipst á að skjóta. Tveir með tvo bolta.	Sjálfstæði í vinnubrögðum metin



Tími	Viðfangsefni og hæfniviðmið	Námsefni og verkefni	Kennsluhættir	Mat/afurð
Vika 5	Sýnt virðingu og góða framkomu hvort sem leikur vinnst eða tapast. Jafnframtviðhaft jákvæð og árangursrík samskipti til að efla liðsanda.	Ratleikur	Teningaratleikur a la Helena	Samvinna metin
Vika 6	Gert hreyfingar sem reyna á styrk og stöðugleika útlíma og bols. Gert flóknar samsettar æfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu.	Fótbolti og Fótboltagolf fyrir þá sem ekki vilja í fótbolta	Upphitun : Reka bolta, senda á milli, skjóta á mark. Skipt í lið og spilað.	Virkni metin
Vika 7	Skýrt mikilvægi þess að hafa leikreglur, farið eftir þeim bæði í hóp- og einstaklingsíþrótt.	Skotboltaleikir	Frelsari, fangelsisleikur og höfðingi.....sá sem nær bolta tekur skotið, bannað að rétta öðrum.	Færni virkni
Vika 8	Tekið þátt í stöðluðum prófum til að meta þrek og hreysti, lipurð og samhæfingu.	Piptest, liðleikapróf og hlaupaleikir.	Próf Ostakjallarinn	Þol og hraðaúthald
Vika 9	Sýnt virðingu og góða framkomu hvort sem leikur vinnst eða tapast. Jafnframtviðhaft jákvæð og árangursrík samskipti til að efla liðsanda.	Handbolti Byrja á mælingum: armbeygjur, stökk, dýfur o.fl (Skrá í exelskjal	Tækniæfingar með bolta. Henda á milli, dripla, kasta og grípa, hraðaupphlaup, skot á mark frá ýmsum stöðum. Skipta í lið og spilað.	Boltafærni/virkni
Vika 10	Sýnt virðingu og góða framkomu hvort sem leikur vinnst eða tapast. Jafnframtviðhaft jákvæð og árangursrík samskipti til að efla liðsanda.	Handbolti Byrja á mælingum: armbeygjur, stökk, dýfur o.fl (Skrá í exelskjal	Tækniæfingar með bolta. Henda á milli, dripla, kasta og grípa, hraðaupphlaup, skot á mark frá ýmsum stöðum. Skipta í lið og spilað. Vetrarfrí 27. október Skipulagsdagur 28. október	Boltafærni/virkni



Tími	Viðfangsefni og hæfniviðmið	Námsefni og verkefni	Kennsluhættir	Mat/afurð
Vika 11	Gert flóknar samsettar æfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu.	Fimleikar	Æfingar á dýnu, stökk, klifur, hringir.	Samhæfing og færni
Vika 12	Sýnt leikni í mismunandi íþróttagreinum. Skýrt mikilvægi þess að hafa leikreglur og farið eftir þeim í hópíþrótt.	Körfubolti	Upphitun: boltaæfingar Skipt í lið og spilað með kistur, haldið á fötum/körfum. Einnig spilað á körfur.	Boltafærni/virkni
Vika 13	Sýnt leikni. Gert æfingar sem reyna á loftháð þol. Gert hreyfingar sem reyna á styrk og stöðugleika útlíma og bols. Gert flóknar samsettar æfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu.	Tækni og öndun Kenna armbeygjur og láta nemendur dæma hvort þær séu gerðar rétt.	Setja upp braut, nemendur hjálpa til við að dæma.	Mælingar/samvinna
Vika 14	Notað mælingar með mismunandi mælinákvæmni við mat á afkastagetu.	Hástökk Skrá á blað Fleiri mælingar ef tími er.	Upphitun: hlaup og hopp. Stökkva yfir teygjuslá. Leikur	Færni
Vika 15	Sýnt virðingu og góða framkomu hvort sem leikur vinnst eða tapast. Jafnframtviðhaft jákvæð og árangursrík samskipti til að efla liðsanda.	Sparkó	Skipt í lið og spilað.	Virkni
Vika 16	Gert æfingar sem reyna á loftháð þol. Gert hreyfingar sem reyna á styrk og stöðugleika útlíma og bols.	Ísjakahlaup	Ákveðin uppsetning í sal.	Þol, snerpa, útsjónasemi
Vika 17	Sýnt virðingu og góða framkomu hvort sem leikur vinnst eða tapast. Jafnframtviðhaft jákvæð og árangursrík samskipti til að efla liðsanda.	Leikir	Tóbías í turninum og fl.	Virkni og samvinna



Námsgrein og bekkur: Sund 5.- 10. bekkur

Vikustundir:	Kennari: Ása-Heiðar	Samstarfsfólk:
--------------	---------------------	----------------

Tími	Viðfangsefni og hæfniviðmið	Námsefni og verkefni	Kennsluhættir	Mat/afurð
Vika 1	Líkamsvitund, leikni og afkastageta -synt viðstöðulaust baksund, skriðsund og kafsund 8 m auk þess að stinga sér af bakka. Félagslegir þættir -sýnt virðingu og góða framkomu, Heilsa og efling þekkingar -gert sér grein fyrir gildi heilbrigðs lífarnis og mikilvægi hreinlætis í tengslum við sundiðkun, Öryggis og skipulagsreglur -áttað sig á mikilvægi öryggis- og umgengnisregla	Farið yfir reglur íþróttamiðstöðvar og kennara. Meta stöðu nemenda. Leikur.	Bringu-, skóla-, skrið- og bak-, og flugsund.	Tækni og virkni metin.
Vika 2	Líkamsvitund, leikni og afkastageta -gert æfingar sem reyna á loftháð þol, styrk og stöðugleika útlíma og bols, -gert flóknar samsettar æfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu, -sýnt leikni í nokkrum mismunandi sundgreinum, -synt viðstöðulaust baksund og skriðsund Heilsa og efling þekkingar -notað hugtök sem tengjast sundiðkun, -tengt hlutverk taugakerfis, hjarta, blóðrásar og lungna við líkamlega áreynslu,	Bringu-, skrið-, skóla-, bak-, og flugsund	Fótatök með flá. Hendur með M-kút	Tækni og virkni metin.
Vika 3	Líkamsvitund, leikni og afkastageta -tekið þátt í stöðluðum prófum til að meta þrek og hreytti, lipurð og samhæfingu, Heilsa og efling þekkingar -nýtt niðurstöður prófa til að setja sér skammtíma- og langtíamarkmið	Tímatökur,	25m skrið, 50m skrið og 50m bringa. Með eða án stungu.	Tímatökur
Vika 4	Líkamsvitund, leikni og afkastageta -gert æfingar sem reyna á loftháð þol, -gert æfingar sem reyna á styrk og stöðugleika -gert flóknar samsettar æfingar -synt viðstöðulaust kafsund Heilsa og efling þekkingar -notað hugtök sem tengjast sundiðkun, -nýtt niðurstöður prófa til að setja sér skammtíma- og langtíamarkmið Öryggis og skipulagsreglur -bjargað jafningja á sundi stutta sundleið.	Bringusund, marvaði, kafsund. Klára tímatökur ef þarf.	Upphitun: stungur með Bringa: Fótatök með flá. Hendur með M-kút. Marvaði: Með flá, halda í fangi og sitja á henni og taka hendur. Kafsundsþrautir.	Tækni og virkni metin.



Tími	Viðfangsefni og hæfniviðmið	Námsefni og verkefni	Kennsluhættir	Mat/afurð
Vika 5	Líkamsvitund, leikni og afkastageta -gert æfingar sem reyna á styrk og stöðugleika -gert flóknar samsettar æfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu,	Bringusund,	Upphitun: baksund yfir, stunga, skrið til baka. 15 min stanslaus bringa. Kafa eftir peningum.	Tækni og virkni metin.
Vika 6	Líkamsvitund, leikni og afkastageta -gert æfingar sem reyna á styrk og stöðugleika útlima og bols, -synt viðstöðulaust skriðsund auk þess að stinga sér af bakka. Heilsa og efling þekkingar -notað hugtök sem tengjast sundiðkun, -tengt hlutverk taugakerfis, hjarta, blóðrásar og lungna við líkamlega áreynslu,	Skriðsund með froskalappir. Flugsundsþrautir	Upphitun: skólabak yfir, stunga, bringa til baka. Froskalappir Skriðsund-fætur á öllum hliðum, flá önnur hönd yfir hin til baka, öndun. Skriðsund. Flugþrautir: ormur á maga og baki. Þrautir án froskalappa.	Tækni og virkni metin.
Vika 7	Líkamsvitund, leikni og afkastageta -gert æfingar sem reyna á styrk og stöðugleika útlima og bols, -gert flóknar samsettar æfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu, -sýnt leikni í nokkrum mismunandi sundgreinum, -synt viðstöðulaust skriðsund og gert kafsundstak auk þess að stinga sér af bakka. Heilsa og efling þekkingar -notað hugtök sem tengjast sundiðkun,	Skriðsund án froskalappa. Snúningar, stungur og rennsli.	Upphitun: bringusund. Skriðsund: Hraðabreytingar. Synda hægt rautt (á línu) svo hratt. Hratt hálfa leið og svo hægt. Snúningur. Stunga og rennsli.	Tækni og virkni metin.
Vika 8	Félagslegir þættir -sýnt virðingu og góða framkomu. Jafnframt viðhaft jákvæð og árangursrík samskipti -rætt líkamsvitund Öryggis og skipulagsreglur -gert sér grein fyrir mikilvægi öryggis- og umgengnisregla og tekið ákvarðanir á þeim grunni. -beitt helstu atriðum skyndihjálpar, endurlífgun og bjargað jafningja á sundi stutta sundleið.	Skólabak Björgunarsund Leysitök Marvaði	Upphitun: Skriðsund og bringa. Skólabak: Flá fætur, M-kútur hendur, skólabak. Björgun: Ganga með félaga. Synda með bolta. Synda með jafningja.	Virkni og tækni í björgun.
Vika 9	Líkamsvitund, leikni og afkastageta -gert flóknar samsettar æfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu, Heilsa og efling þekkingar -notað hugtök sem tengjast sundiðkun,	Flugsund /froskalappir	Upph: skólabak yfir og stunga skrið til baka. Flugfætur allar hliðar, hendur niðri og seilingu. Flugfætur, skriðhendur.	Tækni og virkni metin.



Tími	Viðfangsefni og hæfniviðmið	Námsefni og verkefni	Kennsluhættir	Mat/afurð
			Flá önur í einu. 1,1,2. Flugsund.	
Vika 10	Félagslegir þættir -sýnt virðingu og góða framkomu. Jafnframt viðhaft jákvæð og árangursrík samskipti -skýrt mikilvægi þess að hafa leikreglur, -rætt líkamsvitund og tekið virka afstöðu gegn ofbeldi.	Sundbolti	Skipta í lið og spila	Tækni og virkni metin.
Vika 11	Líkamsvitund, leikni og afkastageta -gert æfingar sem reyna á styrk og stöðugleika, lipurð og samhæfingu, -sýnt viðstöðulaust baksund auk þess að stinga sér af bakka.	Baksund/ froskalappir	Upph: Val 150 m. með stungu. Bakfætur og hendur í seilingu. Bakfætur og snúningur í öxlum. 15x fætur og snúningur í öxlum. Baksund og áhersla á sunning í öxlum.	Tækni og virkni metin.
Vika 12	Líkamsvitund, leikni og afkastageta -gert æfingar sem reyna á loftháð þol, styrk og stöðugleika, lipurð og samhæfingu, -sýnt viðstöðulaust baksund, Heilsa og efling þekkingar -notað hugtök sem tengjast sundiðkun, -tengt hlutverk taugakerfis, hjarta, blóðrásar og lungna við líkamlega áreynslu, -nýtt niðurstöður prófa til að setja sér skammtíma- og langtímamarkmið	Flugsund Baksund	Upph: 150 m. hafmey og ormur til skiptis. Flá: ormur yfir og bakfætur til baka. M-kútur og hendur. Flug og bak. Köfunarkeppni.	Annaskipti: Færni, viðhorf og hegðun metin. Umsögn
Vika 13	Líkamsvitund, leikni og afkastageta -gert ýmsar ólíkar æfingar -gert einfaldar mælingar og talningar í leikjum Félagslegir þættir -sýnt virðingu og góða framkomu. Jafnframt viðhaft jákvæð og árangursrík samskipti -skýrt mikilvægi þess að hafa leikreglur,	Stöðvapjálfun	1. Stunga og spretta að miðju. 2. Bombur af pali. 3. Snúningar og spyrna frá. 4. Kafa eftir lóðum. 5. Baksunds start og ormur út.	Virkni
Vika 14	Líkamsvitund, leikni og afkastageta -gert æfingar sem reyna á þol, styrk og stöðugleika, lipurð og samhæfingu, Heilsa og efling þekkingar -notað hugtök sem tengjast sundiðkun,	Skriðsund og skólabaksund	Upph: 100 m. frjálst. Synda c.a. 300 m. skrið(hægt hálfa og spretta svo) og 300 m.	Tækni og virkni metin.



Tími	Viðfangsefni og hæfniviðmið	Námsefni og verkefni	Kennsluhættir	Mat/afurð
			skólabak. Enda á leikjum.	
Vika 15	Líkamsvitund, leikni og afkastageta -gert æfingar sem reyna á þol, styrk og stöðugleika, lipurð og samhæfingu, Heilsa og efling þekkingar -notað hugtök sem tengjast sundiðkun,	Bringusund og baksund	Upph: Kafsund og stungur. Synda 300 m. í hvoru. Synda hratt í byrjun hálfa og svo hægt. Handstöðukeppni	Tækni og virkni metin.
Vika 16	Líkamsvitund, leikni og afkastageta -gert æfingar sem reyna á þol, styrk og stöðugleika, lipurð og samhæfingu, Heilsa og efling þekkingar -notað hugtök sem tengjast sundiðkun,	Flugsund / froskalappir	Upph: Bringusund. Flugfætur og skriðhendur. Flugfætur og bringuhendur. Flugsund. Pottur	Tækni og virkni metin.
Vika 17	Félagslegir þættir -sýnt virðingu og góða framkomu. Jafnframt viðhaft jákvæð og árangursrík samskipti -skýrt mikilvægi þess að hafa leikreglur, -rætt líkamsvitund og tekið virka afstöðu gegn ofbeldi. Öryggis og skipulagsreglur -gert sér grein fyrir mikilvægi öryggis- og umgengisregla.	Frjálst	Áhöld og tæki laugar í boði.	Tækni og virkni metin.

Niðurstöður úr einstökum þáttum námsmatsins eru birtar á Namfus.is undir flípanum Verkefnabók.

Kennari áskilur sér rétt til breytinga á áætlun.



ENDURMAT Í LOK ANNAR

Kennari skráir í stuttu máli hvernig gekk að halda áætlun annarinnar. Gott er að hafa eftirfarandi punkta til hliðsjónar.

- Var of mikill eða of lítill tími áætlaður fyrir einhver viðfangsefni?
- Var röð viðfangsefna góð eða hefði verið betra færa einhver viðfangsefni til, taka þau fyrir seinna eða fyrr?
- Var farið í öll viðfangsefni eða á eftir að vinna með einhver þeirra? Hvenær á þá að gera það?
- Urðu einhver hæfniviðmið útundan? Hvenær á þá að taka þau fyrir?
- Gekk illa að vinna að einhverjum hæfniviðmiðum? Hverjum þá og hvers vegna?